



Svava Björk Ásgeirsdóttir heiti ég og býð mig hér með fram til starfa í aðalstjórn HRFÍ og til vara í varastjórn. Ég hef verið virkur félagsmaður í 5 ár þó svo að ég hafi átt hunda nánast alla mína ævi. Ég er 38 ára gömul og er gift Kristmundi Antoni Jónassyni. Við búum í Mosfellsdal ásamt þremur börnum, hundum, hestum, hænum og kisum. Ég var svo heppin að alast upp í kringum dýr og náttúru og spilar hvort tveggja stóran þátt í mínu lífi.

Ég hef starfað sem grunnskólakennari í 13 ár og í Krikaskóla í Mosfellsbæ sl. 11 ár. Þar hef ég fengið tækifæri til að taka þátt í miklu þróunar-og mótunarstarfi sem ég hef haft mikla ánægju af. Ég hef sinnt ýmsum nefndarstörfum í kringum starf mitt og einnig hef ég starfað sem trúnaðarmaður í nokkur ár auk þess hef ég verið liðtæk í störfum skemmtinefndar. Nýverið lauk ég 60 eininga diplómugráðu í stjórnun menntastofnana og mun á næstu árum ljúka við lokaverkefni mitt til mastersgráðu í sama námi. Ég hef einnig reynslu af stjórnunarstörfum fyrir íbúasamtök Víghóls í Mosfellsdal.

Varðandi líf mitt með hundum þá gæti ég skrifað langa sögu sem mun vonandi aldrei taka enda en ég ólst upp með poodle hundi sem hét Pollý, sem náði 18 ára aldri. Að alast upp með hundi var mér afar dýrmætt og aldrei hefur komið til greina að vera hundlaus í lífinu. Stuttu eftir að ég kynntist manninum mínum fengum við border collie sem fylgdi okkur í 13 ár. Síðan tóku australian shepherd hundarnir við upp úr 2011 en þá fengum við frændfólk í heimsókn sem ræktar tegundina í Svíþjóð með góðum árangri. Við tók biðin eftir „réttu

tíkinni“ og við biðum í þrjú ár. Biðina nýtti ég til að fræðast, ég las greinar, bækur og átti ófá samtöl við ræktendur um tegundina og hunda almennt. Árið 2014 fæddist tíkin okkar og þá tók við enn meiri bið eftir því að hún yrði nógu gömul til að mega koma til Íslands. Við heimsóttum hana um sumarið og áttum góðar stundir með ræktendum okkar og kynntumst tegundinni enn betur. Eftir að hún kom heim lagði ég allt í að prófa mig áfram í hundastússinu. Ég vildi læra að sýna sjálf, sótti námskeið hjá reyndum þjálfurum, fékk góð ráð og sýnikennslu varðandi umhirðu hjá vinum í tegundinni, og upplifði hversu gefandi það er að demba sér ofan í áhugamálið og taka bara slagina sjálf. Sótt var um ræktunarnafn og ári seinna fengum við rakka til okkar og ljóst var að nú var ekki aftur snúið. Á heimilinu í dag eru fjórir dásamlegir hundar sem skipa stóran sess í lífi allra í fjölskyldunni, en fyrir mér eru dýrin fyrst og fremst heimilishundar. Ég hef kynnst frábæru fólki sem hefur verið styðjandi og leiðbeinandi varðandi ræktun, sýningar og hundahald almennt og er það afar dýrmætt. Mín reynsla er sú að hundafólk hjálpast að og vinnur saman að metnaðarfullu starfi varðandi hunda og hundaræktun. Með jákvæðni og virðingu að leiðarljósi eru allir vegir færir. Orðspor okkar litla lands í þessum málum er afar gott og getum við sannarlega verið stolt af árangri þeirra fjölmörgu ræktenda sem hafa lagt metnað sinn, tíma og ástríðu í alla sína vinnu í gegnum tíðina.

Eins og flest okkar vita er sjálfböðastarf félagsins algerlega upp á okkur komið og hef ég reynt eftir fremsta megni að taka þátt í því þegar lífið leyfir. Ég hef lagt mig fram um að mæta á þá viðburði sem félagið og deildir þess hefur boðið upp á, með það fyrir augum að reyna að kynnast fólki og hundum og eiga góða stund. Ég bauð mig fram í ritnefnd Sáms árið 2015 og tók svo við starfi ritstjóra síðastliðið sumar. Það hefur gefið mér heilmikla innsýn inn í starf félagsins og helsta áhugamál okkar allra, sem eru jú blessaðir hundarnir. Í ritnefnd starfar þéttur kjarni sem leggur sitt á vogarskálarnar til að halda úti þéttu blaði sem félagsmenn bera margir hverjir sterkar taugar til. Einnig hef ég setið í fræðslu – og kynningarnefnd HRFÍ og sit nú mitt annað ár í stjórn fjár- og hjarðhundadeildar með frábæru fólki. Ég bíð bara spennt eftir að börnin verði virkari og nái aldri svo að ég geti skellt mér í starf ungmennadeildar af krafti! Auðvitað getur maður ekki verið allsstaðar en það er ótrúlegt hvað maður getur samt lagt af mörkum, margt smátt gerir sannarlega eitt stórt.

Fyrir mér er það nauðsynlegt að leggja sig fram eins og hægt er og að skila hlutunum vel af sér, ég er metnaðarfull að eðlisfari og geri ávallt mitt besta. Ef svo ber undir að maður

lendir í vandræðum er yfirleitt farsælast að leita lausna til að mál fái góða úrlausn, og þá trúir ég því að með samtali megi finna lausnir sem öllum hugnast. Samvinna fólks þarf að vera heiðarleg og traust, það eru lykilatriði í félagi sem þessu. Það geta auðvitað aldrei allir verið sammála um alla hluti, en stundum þarf líka bara að viðurkenna það að það má alveg vera ósammála um eitthvað. Virðingin má ekki gleymast í þessu samhengi, það gerir engum gott að leggja öðru fólki orð í munn og oftast endar það bara á einn veg, sem einn stór misskilningur, hvort sem hann var með ráðum gerður eða ekki.

Ég sækist eftir kjöri ykkar vegna þess að nú er tækifæri til að leggja mitt á vogarskálarnar með hag félagsins að leiðarljósi. Hundar eru mitt hjartans mál og virðing fyrir þeirra tilveru er mér dýrmæt. Mig langar að vinna að góðum málum í þágu félagsins og hundaeigenda og leggja mitt af mörkum við að koma hundamenningunni á enn betri stað í samfélaginu. Það hefur margt áunnist á síðustu árum en við verðum að halda áfram að ota okkur og hagsmunum félagsmanna áfram og alltaf má reyna að gera betur. Félagið okkar hefur upp á margt að bjóða og fyrir mér er mikilvægt að standa vörð um, styðja og styrkja alla innviði þess. Við beitum okkur jú fyrir hreinræktun hunda, stuðlum að því að þeim sé sýnd virðing og réttur aðbúnaður, en við mannfólkið erum félagið og verðum við að vinna saman að þeim markmiðum sem félagið hefur sett sér og mun setja sér í komandi framtíð. Við munum vaxa áfram og okkur eru allir vegir færir. Andinn í félaginu okkar er góður og ég finn mikinn og vaxandi áhuga á starfi félagsins, jafnt hjá þeim sem stunda ræktun og ennfremur og ekki síst hjá hinum almenna hundaeiganda, en ég tel að við þurfum að efla þeirra þátt enn frekar í félaginu okkar. Hundar eru svo stór hluti af svo mörgum fjölskyldum, allskonar fjölskyldum, stórum sem smáum og efla þarf þeirra þátt í starfi félagsins.

Ég sé tækifæri framundan í að hundar verði meira viðurkenndir í okkar samfélagi og bara á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar til góðs sem óþarfi er að telja upp hér. Almennungur er að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að standa vörð um viðurkenndar hundategundir og að stuðla að sem bestu heilbrigði hvernar tegundar fyrir sig.

Stjórn HRFÍ hefur í gegnum tíðina verið öflug og skipuð duglegu fólki sem hefur allt lagt sitt af mörkum á sinn hátt í gegnum tíðina. Ný stjórn mun hafa næg verkefni á sinni könnu á næstu árum og þau verkefni koma okkur öllum við. Mín trú er sú að við getum enn frekar eflt starf deildanna og staðið þéttar saman. Vilji okkar er þar afskaplega dýrmætur og

að gefa sér tíma. Stundum er hann einfaldlega ekki til þegar lífið er almennt að flækjast fyrir okkur en það ættu samt allir að geta lagt sitt af mörkum á einhvern hátt.

Að fræða og miðla er nauðsynlegt fyrir félagið okkar og tel ég að stjórn beri þar stóra ábyrgð og sé þar afar mikilvægt leiðandi afl sem vinnur með deildum félagsins að aukinni fræðslu til ræktenda og hins almenna hundeiganda. Ég vil sjá enn frekari fræðslu í boði fyrir félagsmenn á öllum sviðum ræktunar, hundapjálfunar, umhirðu og almenns hundahalds. Sem nýr ræktandi hefur mér þótt það vanta síðastliðin ár og heyri að fólk þyrstir í frekari fræðslu.

Ég er hreinskiptin, einlæg, sveigjanleg og sanngjörn, en þetta eru þættir sem ég tel mikilvægt að þeir sem leiði starf og samvinnu af hvaða toga sem er hafi til að bera. Styrkur minn felst einnig í langri reynslu í mannlegum samskiptum, á mjög auðvelt með þau og hef mikla reynslu af að vinna með fólki. Að mínu mati þarf stjórn félagsins að leiða fólkið á jákvæðan og hvetjandi hátt ásamt því að fylgja eftir þeim verkefnum sem tekin hafa verið fyrir. Að mínu mati er einnig nauðsynlegt að stjórn hlusti á hvað fólkið hefur að segja, taki tillit til ólíkra skoðana og skoði málin út frá öllum sjónarhornum. Stjórn á að vera óhrædd við að leita lausna og vera sveigjanleg, sanngjörn og gefa af sér til þeirra sem með henni starfa. Innan félagsins er hafsjór af fólki með reynslu sem er tilbúið að miðla og það hefur verið mín persónulega reynsla að ef fólk er beðið um aðstoð þá er hún veitt af hvaða toga sem það kann að vera.

Ef ég hlýt þetta dýrmæta tækifæri mun ég svo sannarlega nýta það eins vel og ég get með hag allra félagsmanna og virðingu fyrir dýrunum að leiðarljósi.

Með kveðju;

Svava Björk Ásgeirsdóttir